

Nefndasvið Alþingis  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2008.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 76/2003. 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 41.– 41. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru lögð til breyting á 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 þar sem lagt er til að dómara sé heimilt að vísa frá einkaréttarkröfu með úrskurði auk þess sem dómari getur látið við það sitja að dæma einungis um skaðabótaskyldu sakbornings.

Laganefnd LMFÍ telur að ekki sé brýn þörf á fyrrgreindri lagabreytingu enda leiði einkaréttarkröfur yfirleitt ekki til tafa við meðferð opinbers máls. Þegar um er að ræða líkamstjón er oftast ekki tímabært að meta varanlegan miska eða varanlega örorku þess sem fyrir tjóni verður. Í slíkum tilvikum hafa brotþolar nýtt sér heimild laga um meðferð opinberra mála til þess að koma að einkaréttarlegri kröfu um bætur vegna miska eftir 26. gr. skaðabotalaga (vegna ólög-mætrar meingerðar). Fjárhæð slíkra bóta fer eftir mati dómara og því hvað hann telur sanngjarnt í hverju tilviki fyrir sig miðað við umfang brots og tjóns þess sem fyrir broti varð. Hefur myndast festa og venja um meðferð slíkra bótakrafna og hafa þær ekki valdið töfum við meðferð opinberra mála.

Þegar um er að ræða tjón eða spjöll á munum eða eignum verður brotþoli að sýna fram á tjón sitt. Ef um slíkt er að ræða ber tjónþoli bæði sönnunar- og sönnunarfærslubyrði fyrir tjóni sínu og getur þurft að bera hallann af því að tjón hans telst ekki sannað. Oftast er það sannreynt með framlagningu gagna og vottorða sem tjónþoli hefur aflað sjálfur og veldur það yfirleitt ekki töfum á meðferð opinberra mála.

Þá bendir laganefnd LMFÍ á að ekki er ljóst í hverju hagræði brotþola sé fólgið þótt kveðið sé á um bótaskyldu þess sem valdið hefur tjóni. Oftast leiði það af sakfellingu í opinberu máli að sakborningur er bótaskyldur eftir almennum reglum skaðabótaréttar og því er brotþoli sjaldnast nokkru betur settur þótt í opinberu máli sé jafnhliða sakfellingu kveðið á um bótaskyldu sakbornings. Þá sé líklegt að dómara muni í reynd nýta sér frekar þá heimild sem frumvarpið hefur að geyma um að vísa frá flóknari málum, til dæmis þar sem um er að ræða samverknað eða deilu

um orsakatengsl eða sennilega afleiðingu.

Það er því álit laganefndar LMFÍ að standi vilji löggjafans til þess að styrkja enn rétt brotþola, þurfi að vera skýrari reglur um það hvaða málum vísa megi frá dómi og við hvaða kringumstæður. Þá verði jafnframt að ákvarða nánar hvenær dómari megi láta við það sitja að dæma einungis um skaðabótaskyldu þess sem borinn er sökum í opinberu máli. Jafnframt verði að ákveða það með skýrari hætti að þessar heimildir séu undantekningar frá þeirri meginreglu að einkaréttarkröfur skuli teknar til meðferðar í opinberu máli, enda skapar það þeim sem fyrir broti verður augljóst réttarfarslegt hagræði sem hefur reynst vel.

Af hálfu laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

**f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands**

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.